

Alþingi - Nefndasvið  
Atvinnuveganefnd  
Kirkjustræti  
150 REYKJAVÍK  
Iceland

Reykjavík, 13. mars 2017  
Tilvísun: OS2017030012/50.11  
Verknúmer: 1227000

## **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um orkuskipti, 146. Mál**

Orkustofnun vísar til erindis Atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 3. mars sl., þar sem óskað er umsagnar og athugasemda Orkustofnunar við tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um orkuskipti, 146. mál.

Orkustofnun hefur kynnt sér efni framangreindrar þingsályktunartillögu sem stofnunin telur mikilvægt og gott skref í þá átt að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis á Íslandi. Engu að síður vill stofnunin gera eftirfarandi athugasemdir sem lúta eingöngu að áhersluatriðum og myndu, að álit stofnunarinnar, gera umrædda þingsályktunartillögu skarpari.

Í kaflanum "Hagrænir hvatar, innlend framleiðsla og orkusparnaður" er ekkert talað um innlenda framleiðslu eða orkusparnað, einungis hagræna hvata. Hér mætti að ósekju bæta tveimur liðum að tillögunni:

### **Svið: Land og haf.**

Lýsing: Hvatt skal til framleiðslu innlends eldsneytis, m.a. með rannsóknar- og tækniþróunarstyrkjum.

Ábyrgð: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Orkusjóður

### **Svið: Land, haf og loft.**

Lýsing: Sett verði orkusparnaðarstefna, sem hefur það að markmiði að draga úr heildarorkunotkun í öllum geirum. Sérstaklega skal vera litið til þess að afnema tengsl hagvaxtar og orkunotkunar.

Ábyrgð: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Að mati Orkustofnunar hefur eldsneytisspáin sýnt að sterkustu aðgerðirnar til að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis hafa verið beinar aðgerðir, þar sem olíufélögunum hefur verið skylt að selja endurnýjanlegt eldsneyti. Jafnframt eru hagrænir hvatar, s.s. vörugjöld, hvort sem er á eldsneyti eða bifreiðar, reynst afar vel.

Til að hafa áhrif á breytta samsetningu bílaflotans eru innflutningsgjöld líklegust til að skila árangri. Breytingar á innflutningsgjöldum eru, að mati Orkustofnunar, mildasta leiðin til að fá neytendur til að velja orkunýtnari bíla eða nýorkubíla. Breytingar á innflutningsgjöldum hafa ekki áhrif á bifreiðaeigendur með íþyngjandi hætti heldur aðeins nýfjárfestingar.

Stærsti einstaki bílainnkaupahópurinn eru bílaleigur. Reglur um vörugjöld og undanþágur til bílaleiga og ferðaþjónustufyrirtækja munu því hafa stór áhrif á samsetningu bílaflotans næstu áratugi. Samræma verður

ívilnanir með þeim hætti að bílaleigur hafi skýran hag af því að kaup nýorkubíla eða allra nýtnustu bílana í flota sinn.

Orkustofnun gerir að öðru leyti ekki frekari athugasemdir vegna þingsályktunar um aðgerðaáætlun um orkuskipti, 146. mál.



Skúli Thoroddsen

Virðingarfyllst,  
f.h. orkumálastjóra



Ágústa S. Loftsdóttir